



Reykjavík, 19. mars 2020

Niðurstaða athugunar á opinberri fjárfestingarráðgjöf

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) hóf í mars 2019 athugun á opinberri fjárfestingarráðgjöf hjá Capacent ehf. („félagið“ hér eftir). Niðurstaða lá fyrir í febrúar 2020.

Markmið athugunarinnar var að skoða hvort félagið uppfylli þau skilyrði sem gilda um opinbera fjárfestingarráðgjöf skv. 25. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti og reglum nr. 1013/2007 um opinbera fjárfestingarráðgjöf.

Skoðað var hvort félagið hefði sett sér skriflega verkferla um gerð og birtingu opinberrar fjárfestingarráðgjafar. Þá voru tilteknar greiningar valdar handahófskennt af lista félagsins yfir allar greiningar frá árinu 2018 og skoðaðar, meðal annars hvort staðreyndir sem settar voru fram væru skýrlega aðgreindar frá túlkun, mati og skoðun þess aðila sem birtir ráðgjöf og hvort nöfn þeirra aðila sem bera ábyrgð á og vinna að ráðgjöf kæmu fram. Skoðað var hvort öll hagsmunatengsl væru tilgreind við birtingu, svo og hvort birtar væru upplýsingar um aðstæður sem gætu haft áhrif á hlutleysi ráðgjafar. Einnig var skoðað hvort til staðar væri eftirlit með því að ákvæðum reglna nr. 1013/2007 og annarra laga og reglna um starfsemina væri fylgt.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem Fjármálaeftirlitið aflaði vegna athugunarinnar reyndist félagið ekki uppfylla öll skilyrði sem gilda um opinbera fjárfestingarráðgjöf skv. 25. gr. laga nr. 108/2007 og reglum nr. 1013/2007. Athugunin leiddi í ljós annmarka varðandi auðkenni þeirra einstaklinga sem bera ábyrgð á og vinna opinbera fjárfestingarráðgjöf og á því að til staðar væri eftirlit með því að ákvæðum reglna nr. 1013/2007 og annarra laga og reglna sem gilda um starfsemina væri fylgt.

Fjármálaeftirlitið gerði því athugasemd við að ekki kæmi fram í greiningum hver beri ábyrgð á vinnu við opinbera fjárfestingarráðgjöf. Jafnframt gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við að félagið tryggði ekki að til staðar væri eftirlit með því að ákvæðum reglna nr. 1013/2007 og annarra laga og reglna sem gilda um starfsemina væri fylgt. Það er mat Fjármálaeftirlitsins að framangreint samræmist ekki 3. og 10. gr. reglna nr. 1013/2007. Félagið brást við ofangreindum athugasemdum áður en niðurstaða lá fyrir í málinu. Í ljósi framangreinds telur Fjármálaeftirlitið ekki þörf á frekari úrbótum.